

127 Sé flogið í mikilli hæð, skal geyma dýr í þeim hluta flugvélarinnar, þar sem 9. sept. er hæfilegur hiti og loftþrýstingur.

8. gr.

Um mál, er varða brot á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 21. gr. laga um dýravernd nr. 21 13. apríl 1957.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 21 13. apríl 1957 og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. september 1958.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

128

15. sept.

REGLUGERÐ

um váttrygging fiskiskipa gegn bráðafúa.

1. gr.

Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að váttryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Atvinnudeildar Háskólans.

Neiti eða vanræki einhver skipseigandi að váttryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum, skal það eigi að síður metið og váttryggt af váttryggjanda og iðgjald innheimt, allt eftir ákvörðun laga um þau efni, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

Nú óskar eigandi tréskips með þilfari, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að váttryggja skip sitt fyrir skemmdum þeim, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá Samábyrgðinni skylt að veita þeim skipum tryggingu með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

2. gr.

Skipin skulu metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar. Samábyrgðin lætur matsmenn sína meta hvert skip, áður en tryggingarskírteini er gefið út, sem venjulega verður með eins árs millibili.

Aukamat fer fram ef verðmæti skips breytist verulega vegna endurbóta eða til koma aðrar ástæður, sem Samábyrgðin telur að geri endurmat nauðsynlegt

Tryggingarfjárhæð skipsins verður bolverð þess ásamt yfirbyggingum og öðru tréverki.

Váttryggður greiðir matskostnaðinn og innheimtist hann um leið og ársiðgjaldið.

3. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega, og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjald skal vera jafnt að hundraðshluta af öllum skyldutryggðum skipum. Það finnst þannig, að deilt er matsfjárhæð hins tryggða flota í meðaltalstjónafjárhæð flotans þrjú næstliðin ár. Við þá iðgjaldsfjárhæð, sem samkvæmt þessari

reglu fellur á hvert skip, bætast 25% til þess að standast kostnað af innheimtu, vanskilum, tjónrannsóknunum, eftirliti með viðgerðum, reikningshaldi o. s. frv. **128**

15. sept.

Iðgjöld falla í gjalddaga við útgáfu tryggingarskírteinis. Þau skulu tryggð með lögveði í skipinu og hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885.

Eigandi skyldutryggðs skips hefur í eigin áhættu 10% af virðingarfrjárhæðinni.

4. gr.

Tjón bætast eftir mati, og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmda varð vart og váttryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Váttryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans, og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni. Skulu þeir greina nákvæmlega milli þess viðgerðarkostnaðar, sem stafar af bráðafúa og þess hluta viðgerðarkostnaðarins, sem stafar af öðru, svo sem venjulegum ellifúa, viðhaldi og breytingum, og nær mat hins bótaskylda tjóns aðeins til þess fyrst talda.

Váttryggjandi tekur engan þátt í kaupgreiðslum né öðrum kostnaði til áhafna skipanna né eftirliti með skipunum fram yfir það, sem hans eigin eftirlitsmaður hefur með höndum.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema váttryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur. Það getur váttryggjandi gert á hvaða stigi sem er.

Tjónbætur greiðast þannig:

$\frac{1}{3}$ af ætluðum tjónbótum, þegar tjónið hefur af sérfræðingi verið úrskurðað bótaskyldt, efni dregið að og viðgerð hafin. $\frac{1}{3}$ áætlaðra tjónbóta, þegar viðgerð er að dómi eftirlitsmanns komin á síðari hluta. Lokagreiðsla, þegar aðgerð er að dómi eftirlitsmanns lokið og tjóni jafnað niður.

Um frádrátt tjónbóta gildir 154. gr. Dansk Söforsikrings Konvention frá 2. apríl 1934.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt að váttryggða og váttryggjanda komi saman um, að skipið skuli rífið, skal tjónið bætt aðeins að tveimur þriðju hlutum tjónmatsins.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi, til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem trygt er fyrir. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

Eiganda er skylt að hirða skip sitt eftir reglum, sem váttryggjandi setur til öryggis gegn bráðafúa. Hann skal að staðaldri athuga, eins og auðið er, hvort bráðafúaskemmdir eru byrjaðar í skipi hans, og tilkynna váttryggjanda tafarlaust, ef hann verður slíks var, eða hefur grun um það.

Vanræksla í þessum efnum varðar allt að 20% frá tjónbótum.

5. gr.

Tryggingar þessar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Stjórn Samábyrgðarinnar ákveður, hve mikinn hluta áhættunnar hún ber. Það, sem þá er eftir áhættunnar, endurtryggir Samábyrgðin hjá ríkissjóði. Umboðslaun Samábyrgðarinnar skulu vera álag það, sem um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar. Þeim má breyta með samkomulagi ráðherra og Samábyrgðarinnar, þegar reynsla hefur skorið úr um það, hver kostnaður við allan rekstur tryggingarinnar verður.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við Samábyrgðina, að Samábyrgðin skuli endurtryggja erlendis að einhverju eða öllu leyti ef slík endurtrygging fæst, og það þykir hagkvæmara, m. a. vegna áhættu, kostnaðar og gjaldeyrisaðstæðna.

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvinnuáráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.

128

6. gr.

15. sept. Ágreiningur milli váttryggða og váttryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Reglugerð þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. september 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Gunnlaugur E. Briem.

129

AUGLÝSING

25. sept.

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 30% frá 1. október 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 96 14. júlí 1958, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. september 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

130

GJALDSKRÁ

26. sept.

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja landingu skal greiða landingargjald kr. 16.27 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 8.14 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 27.13.

2. Flugskýlisleiga:

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 97.65 á hvern m² gólfplat. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 13.56 á m² á mánuði, en kr. 135.60 á m² á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem sér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 27.13	kr. 271.25
12—15 —	— 67.81	— 542.50
15—18 —	— 108.50	— 813.75